



Fréttatilkynning til fjölmiðla

FORVARNARDAGURINN 2007

- **Dagskrá í öllum grunnskólum.**
- **Umræður og tillögur nemenda.**
— **Skýrsla til sveitarfélaga og æskulýðssamtaka.**
- **Ratleikur með veglegum verðlaunum.**
- **Málsvarar Forvarnardagsins úr röðum nemenda.**

Miðvikudaginn 21. nóvember verður haldinn Forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Í 9. bekkjum verður dagskrá helguð baráttunni gegn fíkniefnum þar sem áhersla er lögð á uppbyggilegar forvarnir og þátttöku ungmennanna sjálfra.

Forvarnardagurinn var í fyrsta sinn haldinn í fyrra undir kjörorðinu „Taktu þátt! Hvert ár skiptir máli.“ Hann er haldinn að frumkvæði forseta Íslands en aðrir aðstandendur eru Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og lyfjafyrirtækið Actavis sem er aðalstuðningsaðili verkefnisins.

Á Forvarnardaginn er lögð megináhersla á að koma því til skila sem áratugalangar rannsóknir íslenskra fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík hafa sýnt að skili mestum árangri í forvörnum gegn fíkniefnum:

1. Að foreldrar og ungmenni verji sem mestum tíma saman.
2. Að börn og unglingar taki þátt í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi.
3. Að ungmenni fresti því sem lengst að hefja neyslu áfengis.

Fulltrúar íþróttá- og æskulýðssamtaka og aðrir aðstandendur Forvarnardagsins munu heimsækja grunnskóla og taka þátt í umræðum um aðferðir sem gagnast best í baráttunni við fíkniefni. Ungmennin takast

á við spurningar í þremur flokkum og eru hvött til að koma fram með hugmyndir að samverustundum fjölskyldunnar, tillögur til íþróttá- og æskulýðssamtaka og ræða einnig frestun á áfengisneyslu.

Niðurstöður úr hópstarfi ungmennanna á Forvarnardaginn, tillögur þeirra og hugmyndir verða teknar saman og gefnar út í sérstakri skýrslu sem verður kynnt á vettvangi sveitarfélaga, íþróttá- og æskulýðssamtaka og víðar fljótlega eftir áramót. Skýrsla með niðurstöðum umræðna á Forvarnardaginn í fyrra er aðgengileg á heimasíðunni forvarnardagur.is

Myndband sem sérstaklega er gert í tilefni af Forvarnardeginum verður sýnt í öllum grunnskólum. Þar flytur forseti Íslands ávarp auk þess sem upplýsingar eru veittar um heilræðin þrjú, rætt er við ungmenni og þjóðþekkt afreksfólk úr heimi íþróttá og lista flytur boðskap Forvarnardagsins.

Heimasíðan forvarnardagur.is heldur saman öllu efni er tengist Forvarnardeginum en þar er einnig að finna nýjan ratleik á Netinu sem Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Bandalag íslenskra skáta hafa sett saman og ungmenni í 9. bekk eru hvött til að taka þátt í. Dregið verður úr hópi þeirra sem senda inn réttar lausnir í ratleiknum og eru vegleg verðlaun í boði.

Allmörg ungmenni hafa verið valin til að vera sérstakir málsvavarar Forvarnardagsins, m.a. við fjölmiðla, enda er einn megintilgangur með Forvarnardeginum að hlýða á skilaboð ungmennanna sjálfra og ráð þeirra um hvernig best sé að fjölga samverustundum fjölskyldunnar, auka framboð á íþróttá- og æskulýðsstarfi við hæfi og hvernig hægt sé að vinna saman að því að fresta áfengisneyslu ungmenna. Þessir málsvavarar verða til reiðu næstu daga.

Í næstu viku verða birtar auglýsingar í fjölmiðlum með skilaboðum Forvarnardagsins þar sem byggt er á röddum nemenda í grunnskólum landsins, tillögum þeirra og sjónarmiðum sem fram komu á Forvarnardeginum í fyrra.

Það er von aðstandenda að með atburðum eins og Forvarnardeginum sé hægt að greiða fyrir auknum samskiptum þeirra sem annnt er um velferð íslenskra ungmenna svo að tími þeirra nýtist sem best í leik og starfi.

Fjölmiðlar eru hvattir til að leggja málinu lið með umræðum um árangursríkar forvarnir gegn fíkniefnum.

17. nóvember 2007

Nánari upplýsingar veita Ólöf Kristín Sívertsen verkefnisstjóri í síma 695-0206 og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri á skrifstofu forseta Íslands í síma 820-4946.